

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Reykjavík, 6. desember 2019

Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.)

Í Samráðsgátt liggja fyrir drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.). Í drögunum er meðal annars lagt til að lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs verði hækkað úr 12% í 15,5% af iðgjaldsstofni í samræmi við breytingar á ýmsum kjarasamningum. Þá er lagt til að lífeyrissjóðum verði gert skylt að heimila sjóðsfélögum að ráðstafa hluta iðgjalds til tilgreindrar séreignar.

BHM telur drög að frumvarpi þessu ótímabær vegna skorts á samráði og afar skamms fyrirvara. Einungis örfáir starfsdagar eru eftir hjá Alþingi og gert er ráð fyrir að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér taki gildi 1. janúar 2020. Er það óraunhæft að mati BHM. Leggur BHM til að á nýju ári verði boðað til samstarfs um fyrirhugaðar breytingar og stefnt á að úr því samstarfi verði ásættanleg afurð sem þingið fær til afgreiðslu þinglok næsta vor.

Virðingarfyllst,



Andri Valur Ívarsson
lögmaður BHM